

Sent með tölvupósti

Reykjavík, 16. október 2022

Alþingi
Atvinnuveganefnd
b.t. Stefán Vagn Stefánsson, formaður

Efni: Umsögn til atvinnuveganefndar um þingsályktunartillögu um breytingar á raforkulögum til að tryggja raforkuöryggi almennings og forgangsröðun raforkuframleiðslu til orkuskipta, 89. mál, 153. löggjafarþing.

Bændasamtök Íslands vilja koma að eftirfarandi athugasemdum.

Samtökin telja mikilvægt að hafa í huga að garðyrkja, sem dæmi, er stór notandi rafmagns en fellur ekki undir stóriðjusamninga. Því þurfi að vera betur skilgreint hvaða aðilar falla undir notendur á almennun orkumarkaði. Þannig geta stærri fyrirtæki á þeim markaði, jafnt og minni, verið þjóðhagslega mikilvæg meðal annars með tilliti til fæðuöryggis. Má í þessu samhengi einnig nefna þær fyrirætlanir að aftur verði tekin upp innlend áburðarframleiðsla. Þá eru sláturhús, afurðastöðvar og fleiri fyrirtæki mörg hver stór fyrirtæki á íslenskum mælikvarða og jafnframt nauðsynleg til að landbúnaðarframleiðsla sé aðgengileg neytendum.

Í skýrslu starfshóps um neyðarbirgðir sem birt var í ágúst sl. er komið inn á nauðsynleg aðföng til matvælaframleiðslu. Þar er efst á blaði eldsneyti en með orkuskiptunum mun slík þörf færast frá olíu yfir í rafeldsneyti. Má því ljóst vera að markmið um fæðuöryggi og orkuöryggi eru nátengd og fylgjast í raun að.

Með vísan til þess sem að framan greinir taka Bændasamtök Íslands undir markmið þingsályktunartillögu þessarar og styðja hana.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, lögfræðingur